

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 134/2005**

**frá 21. október 2005**

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/37/EB frá 29. apríl 2004 um verndun starfsmanna gegn hættu af váhrifum krabbameinsvalda eða stökkbreytivalda við vinnu sína (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE) <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 23.
- 3) Með tilskipun 2004/37/EB er felld úr gildi tilskipun ráðsins 90/394/EBE <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

XVIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 14. lið (tilskipun ráðsins 90/394/EBE):  
„14a. **32004 L 0037**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/37/EB frá 29. apríl 2004 um verndun starfsmanna gegn hættu af váhrifum krabbameinsvalda eða stökkbreytivalda við vinnu sína (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE) (Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 50), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 23.“
2. Texti 14. liðar (tilskipun ráðsins 90/394/EBE) falli brott.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/37/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 23, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 50.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EBL 196, 26.7.1990, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 22. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. október 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.